

2. gr.
Vottorðagjald — 600.00

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar yfir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds ferðakostnaður, iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi frá 1. febrúar 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 370 15. október 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 5. janúar 1977 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Úr 1. gr. reglugerðarinnar falli eftirfarandi liðir:

Tollskrárn.

11.01.25—

11.01.26 Rúgmjöl.

17.01.21—

17.01.22 Molasykur.

17.01.23—

17.01.24 Strásykur.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liðir:

Ókutæki til fólksflutninga eingöngu:

Úr 87.02.14 Með alhjóladrifi, notuð.

87.02.16 Notuð.

Úr 87.02.19 Önnur, notuð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 5. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.